

Skólanámskrá Glaðheima

Ég og þú og allir saman treystum, virðum
– þá er gaman!



2022

Leikskólinn
Glaðheimar

The logo consists of a central illustration of five stylized human figures of different heights and colors (green, orange, green, orange, green) holding hands in a circle. The text 'Leikskólinn' is written in a curved font above the figures, and 'Glaðheimar' is written in a curved font below them.

Efnisyfirlit

Yfirstjórn leikskólamála	4
Leikskólaráðgjöf	4
Námskrá leikskólans.....	4
Leikskólastarf – grundvallarhugmyndafræði	4
Lög um leikskóla.....	4
Aðalnámskrá leikskóla.....	5
Skólanámskrá.....	5
Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna	5
Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna	5
Stefna leikskólans	6
Deildir leikskólans	6
Starfsáætlun Glaðheima.....	6
Lífsleikni í leikskóla.....	7
Leiðarljós	8
Leiðarljós Glaðheima.....	8
Leikurinn.....	9
Námsumhverfi	9
Húsnæði	9
Efniviður	10
Leikskólalóð	10
Nærumhverfi	10
Hlutverk leikskólakennarans í leik barnsins.....	10
Grunnþættir menntunar	11
Námssvið leikskóla.....	11
Læsi og samskipti.....	11
Samverustundir.....	11
Hópastarf.....	11
Málrækt.....	12
Heilbrigði og vellíðan	12
Heilsustefna.....	12
Matartími.....	12
Hreinlæti.....	12
Hreyfing.....	13

YAP hreyfiprógram.....	13
Sjálfbærni og vísindi.....	13
Lífsleikni.....	13
ART.....	13
Vettvangsferðir og útivera.....	14
Fataherbergið.....	14
Sköpun og menning.....	15
Jafnrétti.....	15
Sköpun.....	15
Tónlist.....	15
Hátíðir og viðburðir.....	15
Samstarf heimilis og skóla.....	1
Foreldrasamstarf.....	1
Upphaf leikskólagöngunnar.....	1
Dagleg samskipti.....	1
Reglubundin viðtöl foreldra og leikskólakennara.....	2
Þátttaka fjölskyldna.....	2
Foreldrafélag Glaðheima.....	2
Foreldraráð.....	2
Námskrá 5 ára barna.....	3
Stjórnun og stjórnunarhættir.....	5
Fundir.....	5
Starfsmannafundir.....	5
Stjórnendateymisfundir.....	5
Deildarfundir.....	5
Starfsdagar.....	5
Boðleiðir.....	5
Verkaskipting og ábyrgðarsvið.....	5
Snerpusamtöl.....	6
Mat á leikskólastarfi.....	6
Sjálfsmat / Innra mat.....	6
Ytra mat.....	6
Mat á stöðu leikskólabarna.....	7
Þróunarstarf í leikskólum.....	7

Öryggismál.....	7
EKKO.....	7
Listi yfir viðhengi með námskrá	8
Heimildaskrá:.....	9
Viðhengi 1.....	10
Viðhengi 2.....	11
Viðhengi 3.....	13

Yfirstjórn leikskólamála

[Fræðslumála- og æskulýðsráð](#) fer með málefni leikskólans, samkvæmt lögum og reglugerðum, sveitarstjórnarlögum og því sem bæjarstjórn felur henni að öðru leyti. Fræðslumála- og æskulýðsráð er skipað fimm fulltrúum og fimm til vara, kosnum af bæjarstjórn. Aðrir sem sitja fundi fræðslumála- og æskulýðsráðs eru leikskólastjóri, fulltrúi starfsmanna og fulltrúi foreldra. Fulltrúi foreldra er jafnframt formaður foreldraráðs leikskólans.

Bæjarstjóri fer með yfirstjórn leikskólans, starfsfólk bæjarskrifstofu sér um gerð fjárhagsáætlunar ásamt leikskólastjóra, laun, greiðslu reikninga og innheimtu dvalargjalda.

Leikskólaráðgjöf

Leikskólastjóri og sérkennslustjóri sjá til þess að leitað sé aðstoðar sérfræðinga hvort heldur er um að ræða fyrir einstök börn eða fyrir allan leikskólann.

Bolungarvíkurkaupstaður hefur gert samning við [Litlu kvíðameðferðastöðina](#) um sálfræði- og ráðgjafapjónustu. Sálfræðingur leikskólans er Hanna Dorothea Bizouerne og kemur hún í 4-5 heimsóknir á ári ásamt því að veita foreldrum og starfsfólki ráðgjöf í fjarfundi, síma eða tölvupósti.

Talþjálfun og ráðgjöf er veitt af þjónustufyrirtækinu [Tröppu](#) í síma eða tölvu.

Bolungarvíkurkaupstaður er með samning við [Ásgarð](#) skólaráðgjöf. Faglegur stuðningur ráðgjafa Ásgarðs við skólastjórnendur, kennara, foreldra og annað starfsfólks felst fyrst og fremst í stuðningi, aðstoð við framkvæmd, finna lausnir og rjúfa einangrun. Skólastjórnendur eru ávallt framkvæmdastjórar sinna stofnana og nýta sér eftir aðstæðum þá sérfræðiráðgjöf sem hentar best hverju sinni.

Námskrá leikskólans

Skólanámskrá Glaðheima byggir á [Aðalnámskrá leikskóla](#) sem samþykkt var af Mennta- og menningarmálaráðuneyti 2011, og á lögum um leikskóla nr. 90/2008 og [skólastefnu Bolungarvíkur](#) sem var samþykkt í júní 2020.

Leikskólastarf – grundvallarhugmyndafræði

Í leikskóla á að leggja áherslu á skapandi starf og leik barnsins. Ekki er um beina kennslu að ræða sem stefnir að ákveðinni fræðilegri þekkingu. Leikskólafræði eru fremur þroskamiðuð en fagmiðuð, með áherslu á leik barna sem náms- og þroskaleið og uppgötvunarnám.

Í leikskóla ber að hlúa að öllum þroskaþáttum, efla þá og örva samspil þeirra. Lífsleikni og námsgengi barnsins byggist á jafnvægi milli allra þroskaþátta.

Lög um leikskóla

Samkvæmt lögum nr. 90/2008 fer menntamálaráðherra með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til, að öðru leyti en varðar stofnun og rekstur leikskóla. Sveitafélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla. Sveitafélög hafa forystu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera

ábyrgð á heildarskipan skólahlads í leikskólum sveitarfélags. Sveitarfélög setja almenna stefnu um leikskólahlald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum.¹

Aðalnámskrá leikskóla

„Aðalnámskráin er ígildi reglugerðar og í henni er kveðið nánar á um hlutverk leikskóla á grundvelli laga um leikskóla og reglugerða um menntun, uppeldi og umönnun í leikskóla.“²

Aðalnámskrá er rammi um skólastarfið og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Hún birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögunum.³

Skólanámskrá

Skólanámskrá er yfirlýsing um hugmyndafræði, skipulag, vinnubrögð og gildi sem lögð eru til grundvallar leikskólastarfinu. Hún byggir á því sem samfélagið telur mikilsvert og því úr menningararfinum sem talið er mikilvægt að koma áleiðis til næstu kynslóðar.

Hlutverk skólanámskrár:

- Gerir leikskólastarfið sýnilegra
- Veitir yfirsýn yfir allar forsendur í rekstri leikskóla
- Gerir leikskólastarfið markvissara
- Veitir heildarsýn yfir uppeldisstarfið
- Gefur starfsfólki skýrar upplýsingar um hvers er vænst af því
- Gerir nýliðum auðveldara að komast inn í starfið
- Auðveldar markvisst samstarf við foreldra og aðra samstarfsaðila.

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna

Í Aðalnámskrá segir að starfshættir leikskóla eigi að mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildum og arfleið íslenskrar menningar. Við í Glaðheimum viljum leggja áherslu á þætti [Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna](#) í þeim áherslum sem við erum með á daglegu starfi skólans.

Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna

[Heimsmarkmiðin](#) voru samþykkt 25. september 2015 af þjóðarleiðtogum heims. Aðildaríki Sameinuðu þjóðanna hafa skuldbundið sig til að innleiða þau og eiga þau að verða leiðarljós til að gera heiminn okkar að betri heimi ekki seinna en árið 2030. Í Glaðheimum horfum við til þátta heimsmarkmiðanna í okkar daglega starfi.

¹ Lög um leikskóla 90/2008

² Aðalnámskrá leikskóla 2011: 7

³ Aðalnámskrá leikskóla 2011

Stefna leikskólans

Hugmyndafræði leikskólans byggist meðal annars á lífsviðhorfi, gildismati, þekkingu og reynslu starfsmanna, ásamt kenningum sem settar hafa verið fram af fræðimönnum og rannsóknum sem gerðar hafa verið á leikskólastarfi.

Leikskólinn leggur áherslu á að barnið **sýni virðingu, beri ábyrgð og sé traust.**

Stefna Glaðheima er að barnið læri í gegnum leikinn og verði virkt og skapandi í námi sínu og starfi. Barnið er hvatt til að rannsaka og læra af eigin reynslu.

Í gegnum daglegt starf öðlast barnið lífsleikni þar sem leikurinn er aðalnámstæki leikskólans.



Markmið Glaðheima

- Að barnið, foreldrar og starfsfólk séu ánægð og líði vel í leikskólanum.
- Að gott samstarf, traust og gagnkvæm virðing skapist milli heimilis og skóla.
- Að starfsfólk sýni barninu virðingu, hlýju og ástúð í allri umgengi með faglegum og ábyrgum vinnubrögðum.
- Að efla jákvæða sjálfsvitund, sjálfstraust og sjálfsmynd barnsins þannig að það verði sjálfstæður einstaklingur.
- Að bjóða upp á fjölbreytt skapandi nám sem efli alhliða þroska barnsins, veki með því forvitni og örvi hugmyndaflug þess.

Deildir leikskólans

Í leikskólanum eru starfandi þrjár deildir og er hægt að lesa deildarnámskrár deildanna á heimasíðu leikskólans. Deildarnar heita; [Gil](#), [Grundir](#) og [Grásteinn](#).

Starfsáætlun Glaðheima

Leikskólastjóri ásamt aðstoðarleikskólastjóra gera starfsáætlun fyrir leikskólann að hausti. Í henni kemur fram allt það helsta sem unnið verður með á komandi ári. Áætlunin er svo endurmetin að vori.

Lífsleikni í leikskóla

Leikskólinn vinnur eftir námsefninu *Lífsleikni í leikskóla* og er gefið út af þrem leikskólum á Akureyri, þeir eru: Síðusel, Krógaból og Sunnuból. Lífsleikni er kennd í gengum dygðir og byggist á alhliða þroska barns, færni þess til samskipta, rökrænnar tjáningar og til að bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Þær dygðir sem unnið er með í Lífsleikni í leikskóla eru eftirfarandi:



Ábyrgð	Kurteisi
Áreiðanleiki	Samkennd
Glaðværð	Sköpunargleði
Hjálpsemi	Vinsemd
Hófsemi	Virðing
Hugrekki	Þolinmæði

Námshæfni og lífsleikni eru undirstöðupættir í öllu skólastarfi og byggist á sjálfsskilningi og áhuga. Námshæfni felur einnig í sér að þekkja eigin styrkleika og veikleika og að vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni. Námshæfni byggist á eðlislægri forvitni barna og ungmenna, áhugahvöt þeirra, trú á eigin getu og hæfileika til að beita hæfni sinni í margvíslegum viðfangsefnum á uppbyggilegan hátt (Aðalnámskrá leikskóla, 2011:24).

Helstu kennismiðir sem litið er til í vinnu með lífsleikni eru:

- Howard Gardner sem sett hefur fram kenningu um fjölþáttagreind, hann telur að til séu átta greindir, jafnvel níu. Með kenningunni er reynt að víkka sýnina á möguleika einstaklingsins.
- Daniel Golemann hefur skrifað bókina *Tilfinningargreind*, þar sem m.a. kemur fram að góð tilfinningagreind hjálpi til við öll mannleg samskipti.⁴
- William Damon sem hefur rannsakað siðferðisþroska barna og unglinga. Damon telur að mjög ung börn, allt niður í nokkurra daga eða mánaða, séu fær um að sýna samkennd.⁵
- Loris Malaguzzi sem lagði áherslu á að kennarar og börn rannsaki saman í þeim tilgangi að verða betri og færari í að nýta alla hæfileika sína og möguleika til fullnustu.⁶
- John Dewey taldi að agi væri sama og frelsi og að raunverulegt frelsi væri vitsmunalegt, það er hæfni til að hugsa, að velta hlutunum fyrir sér og skoða mál frá fleiri en einu sjónarhorni.⁷

Markmið fyrir barnið

- Að öðlast innri aga.
- Að læra að bera virðingu fyrir öðrum og umhverfi sínu.
- Að samkennd aukist.



⁴ Armstrong 2001

⁵ Damon 1988:14

⁶ Edwardd, Gandini og Forman 1998

⁷ Dewey 1933

- Að siðferðiskennd eflist.
- Að þekkja muninn á réttu og röngu.
- Að læra að þekkja tengslin milli orsaka og afleiðinga.
- Að jákvæður agi sé ríkjandi.
- Að læra að þekkja tilfinningar sínar og geti brugðist við þeim.
- Að læra að taka fólki eins og það er og að viðurkenna að það eru ekki allir eins.
- Að læra að allir hafa eitthvað fram að færa.⁸

Lífsleiknikennsla er rauður þráður í gengum starf leikskólans.

Lögð er áhersla á að barnið skilji dygðir og noti í daglegu starfi.

Markmiðið er að barnið sýni góða hegðun af því að: **“Hugurinn segir mér það”**.

Leiðarljós

Markmið þeirra er að leikskólinn taki þátt í að ala upp ábyrga einstaklinga.

Þegar ákveðin viðmið gilda þá verða allir öruggari, vita hvernig á að haga sér og til hvers er ætlast af þeim.



Leiðarljósinn okkar taka mið af þeim leiðarljósum sem koma fram í Aðalnámskrá leikskóla sem kom út árið 2011.

Leiðarljós Glaðheima

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir að agi í skólum skal samrýmast mannlegri reisu barnsins og höfum við því valið okkur eftirfarandi leiðarljós til að vinna eftir



- Berum virðingu fyrir okkur
 - Við leggjum áherslu á sjálfstæði og frumkvæði barnsins og að það læri að taka ábyrgð á sjálfum sér í samskiptum við börn og fullorðna. Nýti sköpunarkraft sinn og gagnrýna hugsun.
- Berum virðingu fyrri öðrum
 - Í nútíma samfélagi er nauðsynlegt að börn geri sér grein fyrir litrófi þess og fjölbreytileika. Börn eru hvött til að þróa með sér vinsemd og virðingu fyrir öðru fólki og bakgrunni þess.
- Berum virðingu fyrir umhverfi og eigum
 - Börnin eru framtíðin, þau sem erfa jörðina og er því nauðsynlegt að efla virðingu þeirra fyrir náttúru og umhverfi sínu. Með vettvangsferðum, viðburðum og þátttöku í samfélaginu hefur leikskólinn áhrif á viðsýni barnanna.

Með virðingu að leiðarljósi sköpum við heildstæða og sjálfbæra einstaklinga.

⁸ Handbók fyrir kennara 2007

Leikurinn

Í bernsku er leikur aðal tjáningarmáti barnsins og megin námsleið þess. Hann er kjarninn í uppeldisstarfi í leikskólum. Frjáls og sjálfssprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barnsins.

Leikurinn skapar tækifæri til að:

- læra og skilja umhverfi sitt,
- tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar
- þróa félagsleg tengsl við önnur börn.



Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu.

Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra.

Leikjum barnsins má skipta niður í fjóra aðalflokka eftir inntaki þeirra og uppeldis-/menntunargildi. Margir leikir eru fjölbættir og þeir geta flokkast undir fleiri en einn flokk.

- Skynfæra- og hreyfileikir, innan þess flokks er hægt að skipta leikjunum niður í hreyfingu, tónlist, vatnsleiki og ferðir.
- Sköpunar- og byggingaleikir, innan þess flokks er listsköpun og byggingaleikir.
- Hlutverka- og ímyndunarleikir.
- Regluleikir, innan þess flokks eru spil og röðunarleikir og hring- og hópleikir.

Námsumhverfi

Skipulag, hönnun og nýting námsumhverfis endurspeglar þau viðhorf og gildi sem liggja að baki leikskólastarfinu.

Námsumhverfi leikskóla þarf að henta fjölbreyttum hópum barna og kennara. Það þarf að geta tekið breytingum og þróast með tilliti til þarfa og áhuga þeirra sem þar dvelja.



Húsnæði

Skipuleggja þarf svæði þar sem leikur og nám fara fram í litlum hópum, rými þar sem barnið getur verið í ró og næði, svæði þar sem barnið getur leikið í stærri hópum og rými þar sem svigrúm er fyrir fjölbreytta hreyfingu. Starfslið leikskólans hafi ávalt í huga að lágmarka hávaða með fjölbreyttum leiðum. Dr. Valdís Ingibjörg Jónsdóttir raddmeinafræðingur bendir á að hávaði í námsumhverfi barna geti haft áhrif á námsgetu og líðan þeirra.⁹

Janúar 1984 var húsnæði leikskólans við Hlíðarstræti tekið í notkun. Árið 2006 var húsnæði í Lambhaga tekið í notkun sem viðbót við leikskólann. 2019 hófst starfsemi í nýju og endurbættu húsnæði við Hlíðarstræti og sameinuðust þá starfsstöðvar leikskólans úr tveimur í eina. Leikskólinn starfar því í nýbyggðu og endurbættu húsnæði sem tekið var í notkun árið 2020 og skiptist í þrjár deildir: Gil, Grundir og Grástein.

⁹ Kennsluumhverfið – hlúum að rödd og hlustun, 2014

Efniviður

Leikefni þarf að vera hvetjandi og höfða til mismunandi skynjunar og örva barnið til rannsókna og kannana. Mikilvægt er að leikefnið sé sýnilegt og barnið geti notað það á fjölbreyttan hátt og byggt á reynslu sinni.



Leikskólalóð

Er mikilvægt námsrými sem á að hvetja barnið til leiks, rannsókna, hreyfingar og tjáningar á mismunandi vegu.

Nærumhverfi



„Náttúran býður upp á fjölbreyttan efnivið og margvísleg tækifæri til rannsókna og uppgötvana. Manngert umhverfi í nágrenni leikskóla er einnig mikilvægt námsumhverfi sem barnið þarf að fá tækifæri til að kynnst og læra af.“¹⁰

Kennurum sé umhugað um að kynna náttúruna og nærumhverfi leikskólans og nýta fjölbreytni árstíðanna. Kennarar eru hvattir til að kynna náttúruna og nærumhverfi leikskólans fyrir nemendum skólans og nýta fjölbreytni árstíðanna.

Hlutverk leikskólakennarans í leik barnsins

Hlutverk leikskólakennara er að styðja við nám barnsins í gegnum leik á margvíslegan hátt, m.a. með því að:

- Skapa fjölbreytilegt leikumhverfi og veita aðgengi að leikefni sem hvetur barnið til að rannsaka, finna lausnir og skapa.
- Gefa leik nægan og samfelldan tíma.
- Gefa leik nægjanlegt rými svo að barnið hafi svigrúm til að hreyfa sig og til að þróa leik og dýpka.
- Styðja við sjálfsprottnar athafnir og áhuga.
- Eiga samskipti við barnið og mynda tengsl við það í gegnum leik.
- Vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem upp koma í leik og nota þau til að kveikja áhuga barnsins og styðja við nám þess.
- Styðja við og efla jákvæð samskipti í leik.
- Sjá til þess að barnið hafi tækifæri til þátttöku í leik úti og inni.



¹⁰ Aðalnámskrá leikskóla 2011:40

Grunnþættir menntunar

Almenn menntun byggist á fjölbreyttu námi á megin sviðum menningar og samfélags. Sú menntastefna sem birt er í aðalnámskrá leikskóla er reist á sex grunnþáttum menntunar sem eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir fléttast inn í allt leikskólastarfið. Þeir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn læri að byggja sig upp andlega og líkamlega og bjarga sér í samfélagi með öðrum.

Námssvið leikskóla

Námssvið leikskóla eru samkvæmt aðalnámskrá samþætt og samofin öllu starfi leikskólans og taka mið af sex grunnþáttum menntunar, þau byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum. Námssviðin eru fjögur: læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

Læsi og samskipti



Læsi er víðtækara hugtak en orðið segir til um og nær allt frá mannlegum samskiptum til stafræns læsis.

„Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt“.¹¹

Lestur er ofinn úr mörgum þráðum sem hver um sig myndar sterka stoð að ævilangri færni. Ef brestir eru í undirstöðunni koma göt í vefinn.¹² Læsi hefst í leikskóla og eru margvíslegar leiðir til þess að efla það.

Samverustundir

Barn á að fá margvísleg tækifæri til að njóta samverustunda og gleðjast með öðrum, samvera í hóp eykur samkennd barna og eykur hæfni þeirra til tjáskipta. Í samverustundum gefst gott tækifæri til að styrkja sjálfsmýnd og sjálftraust barnsins, njóta samræðna sem byggja á opnum spurningum og virkri hlustun og hvetja það til að færa rök fyrir máli sínu.

Hópastarf

Hópleikir og hópastarf eru mikilvægir þættir í leikskólastarfi. Í hópi jafnaldra öðlast barn margþætta félagslega reynslu og fær tækifæri til að láta til sín taka, eiga frumkvæði, leika sér, starfa og deila gleði með öðrum.



¹¹ Aðalnámskrá leikskóla 2011: 28-29

¹² lesvefurinn.hi.is

Málrækt

Málörvun fer fram í gegnum allt daglegt starf. Barnið er hvatt til að túlka og tjá sig á fjölbreyttan hátt, m.a. í gegnum leik, hreyfingu, myndmál, tónlist, tungumál og tákn. Þannig örvast málþroski, orðaforði, hugtakaskilningur og málvitund barnsins.



Heilbrigði og vellíðan



Heilsustefna

Leikskólinn Glaðheimar vinnur nú að því að verða Heilsuefandi leikskóli í verkefni á vegum Embætti landlæknis. Auk þess er unnið að innleiðingu YAP hreyfiprógrams í samstarfi við Íþróttasamband fatlaðra. Heilsustefna Glaðheima nær fyrst og fremst yfir 2 megin þætti. Hreyfing og næring en auk þess fer hún inn á mikilvægi hreinlætis.

Eitt af markmiðum Glaðheima er að barnið sé ánægt og líði vel í leikskólanum en nægt rými fyrir hreyfipörf barns getur aukið á vellíðan. Hægt er að fræðast enn frekar um [heilsustefnuna](#) á heimasíðu Glaðheima.

Matartími

Í heilsustefnu leikskólans segir frá mikilvægi þess að börn borði fjölbreyttan mat í hæfilegu magni, hafi reglu á máltíðum og njóti þess að borða. Allur matur í leikskólanum er eldaður frá grunni. Matartímar hafa mikið uppeldislegt gildi og þar fer fram heilmikið nám. Með því að taka þátt í borðhaldi með börnunum skapar leikskólakennarinn festu og ró. Þar gefst leikskólakennaranum einnig tækifæri til að styrkja góða borðsiði, eflt hófsemi í matarvenjum ásamt því að spjalla við börnin. Leikskólinn býður uppá grænmetis- og ávaxtastund að morgni, hádegismat og nónhressingu.

Börn á yngstu deild leikskólans borða allar sínar máltíðir á sinni deild, Gili, en börn á tveimur eldri deildum leikskólans, Grundum og Grásteini, borða þrisvar á dag í matsalnum.

Matseðill leikskólans er sýnilegur á skilaboðaskjánum í anddyri og á [heimasíðu](#) leikskólans.

Hreinlæti

Mikilvægt er að börnunum sé hjálpað við að tileinka sér almennar hreinlætisvenjur á þann hátt að þau þroski jafnframt með sér heilbriggt viðhorf til sjálfs sín, líkama síns og sérstæðis. Í leikskóla skal styrkja hreinlætisvenjur barnsins.



Hreyfing

Hreyfing er barninu eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna. Hreyfiþroski barnsins eflist, úthald og styrkur eykst. Hreyfing þjálfar samhæfingu líkamans og stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan. Þess vegna er stefna leikskólans að barnið fái hreyfistundir og daglega útiveru.



Auk þess fær elsti árgangur leikskólans þrjár sundlotur síðasta veturinn í leikskólanum.

YAP hreyfiþrógram



Leikskólinn Glaðheimar er þátttakandi í verkefninu [Young athletes program \(YAP\)](#) sem felur í sér snemmtæka íhlutun tengda hreyfiþroska. Öll börn 3 ára og eldri fara í gegnum staðlað próf sem fylgir hreyfiverkefninu. Í gegnum veturinn er unnið að þeim þáttum sem falla undir YAP verkefnið.

Börnin í leikskólanum fá skipulagða íþróttatíma undir handleiðslu íþróttafraeðings. Börn á Gili fá skipulagða íþróttatíma einu sinni í viku, Grundum tvisvar sinnum í viku og Grástein þrisvar í viku.

Sjálfbærni og vísindi

Lífsleikni

Unnið er með kennslufnið Lífsleikni í leikskóla. Þær dygðir sem við höfum ákveðið að leggja sérstaka áherslu á í okkar starfi eru eftirfarandi:

- Gil vinnur með samkennd, vinsemd og virðingu
- Grundir vinnur með hjálpsemi og kurteisi
- Grásteinn vinnur með hugrekki og þolinmæði



ART

Innan leikskólans hefur verið unnið með ART, Aggression Replacement Training, meðal annars í hópastarfi. ART er uppeldisfræðilegt þjálfunarmótel sem hefur það að markmiði að fyrirbyggja ofbeldi og kenna aðrar leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda. ART teljum við heyra undir lífsleikni þar sem tekist er á við félagsfærni, siðferði og sjálfstjórn.

Vettvangsferðir og útivera



Það er hollt og gott fyrir börn að fá að vera í nánum tengslum við náttúruna og fá frískt loft og góða hreyfingu. Barnið þarf að kynnast fjölbreytileika náttúrunnar og njóta hennar um leið og það finnur til ábyrgðar gagnvart henni. Þessu verður best komið við með vettvangsferðum út í náttúruna þar sem barnið lærir að njóta útiveru og gera sínar eigin eðlis- og efnafræðitilraunir sem tengjast náttúrunni. Stutt er í óspillta náttúru sem leikskólakennarar eru hvattir til þess að nýta í starfinu. Útivera vekur barnið til umhugsunar um árstíðaskipti og margbreytileika veðurfarsins.

Leikskólinn Glaðheimar hefur sett sér það markmið að [efla útiveru](#) barnanna með því að bjóða uppá nám utan leikskólans.

Meginmarkmið útináms

- Að efla alhliða þroska barnanna.
- Að barnið kynnist nær umhverfi sínu og leikskólans.
- Að barnið kynnist náttúrunni og læri að bera virðingu fyrir henni.
- Að efla þol og úthald hjá barninu.

Þær leiðir sem leikskólinn fer í að ná markmiðum sínum í útinámi eru farnar vettvangsferðir um bæinn. Útinámi og ferðirnar verða svo lengri og viðameiri með auknum aldri og þroska nemenda. Hluti þess tíma sem vettvangsferðirnar taka fer í frjálsan leik og annar hluti tímans fer í fyrirfram ákveðna vinnu og leiki.

Fataherbergið

Í fataherbergi leikskólans fer fram mikilvægt uppeldisstarf sem þarf að vera sem notalegast. Í fataherbergi leikskólans lærir barnið smám saman að klæða sig úr og í og ganga snyrtilega frá fatnaði sínum. Börnin þurfa flest aðstoð við að klæða sig í útifötin. Þar læra börnin líka hjálpsemi með því að aðstoða hvert annað.

Sköpun og menning

Jafnrétti

Leikskólastarf á hverjum stað mótast eðlilega af því umhverfi sem það býr við, atvinnu- félags- og menningarlegu. Í leikskóla eru foreldrar, kennarar og börn samstarfsaðilar. Leikskólinn þarf að taka tillit til mismunandi fjölskyldugerðar og uppruna barnsins og efla tilfinningu þess fyrir því að það tilheyri samfélaginu og séu hluti af því. Áhugi barnsins á öðrum þjóðum vaknar snemma og ber að efla þann áhuga. Með því að stuðla að jafnrétti kynjanna er lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls.

Leikskólinn Glaðheimar starfar eftir jafnréttisstefnu Bolungarvíkurkaupstaðar sem aðgengileg er á heimasíðu kaupstaðarins. Jafnrétti og lýðræði er líka stór hluti af námsefninu Lífsleikni í leikskóla.



Sköpun

Barnið hefur ríka þörf fyrir að tjá sig með myndmáli, það á auðvelt með að tjá tilfinningar sínar í myndsköpun sem eflir líka sjálfstraust þess. Það þjálfar samhæfingu augna og handa, fín- og grófhreyfingar og þroskar með sér skapandi hugsun. Barnið er hvatt til að vinna frjálst og skapandi með fjölbreyttum efniviði þar sem ferlið skiptir meira máli en útkoman. Börnin gera sína eigin búninga fyrir öskudag þar sem ímyndunaraflíð ræður för. Börnin koma með boli að heiman og nýta hann til búningagerðar. Fyrir jól velja börnin að gera jólagjöf fyrir nákominn ættingja eða vin. Starfsfólk leikskólans aðstoðar barnið og skráir það ferlið sem jólagjafa- og búningagerðin tekur. Þessi vinna eflir sjálfstraust barna þar sem það er hvatt til að vinna frjálst og skapandi með fjölbreyttum efniviði þar sem ferlið skiptir meira máli en útkoman.

Tónlist

Barnið á að fá ríkulegt tækifæri til að njóta tónlistar og iðka hana. Hægt er að flétta tónlist inn í starfið með söng, hljóðfærum, hreyfileikjum og hlustun og vekja þannig áhuga barnsins á tónlist og söng. Söngstundir er liður í daglegu starfi á öllum deildum. Tónlist er oft notuð í íþróttakennslu og um miðjan dag í rólegum stundum og hvíld.

Hátíðir og viðburðir



Í íslensku þjóðlífi eru ýmsar hátíðir og hefðir sem barnið kynnist og tekur þátt í á heimili sínu en einnig í leikskólanum. Þennan menningararf þarf leikskólinn að styðja við og barnið að læra að virða s.s.

- Jól
- Páskar
- Bolludagur
- Sprengidagur
- Öskudagur
- Þjóðhátíðardagur
- Þorrablót

Í leikskólanum eru líka sérstakar hefðir ríkjandi sem gefa tilefni til hátíða t.d. fagna sólarkomu að vetri, lambaferð, afmæli barnanna og útskrift elstu barna.



Samstarf heimilis og skóla

Foreldrasamstarf

Samstarf kennara og foreldra þarf að byggjast á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu. Mikilvægt er að á milli þessara aðila ríki traust, þeir geti deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða einstök börn.

Upphaf leikskólagöngunnar

Fyrir upphaf leikskólagöngu barnsins eru foreldrar og forráðamenn boðaðir í viðtal og fá senda [Foreldrahandbók](#). Í fyrsta viðtali við deildarstjóra fá foreldrar tækifæri til þess að kynnst starfsháttum, hugmyndafræði og námsskrá leikskólans áður en aðlögun hefst auk þess að veita upplýsingar um barnið, aðstæður þess, reynslu og áhugasvið. Farið er með allar upplýsingar um barnið sem trúnaðarmál.

Í upphafi leikskólagöngu barns fær það góðan tíma til að aðlagast leikskólanum, umhverfi hans og starfsfólki. Foreldrar eru mikilvægir samstarfsaðilar leikskólans og er mikilvægt að koma þeim skilaboðum á framfæri við upphaf leikskólagöngu barnsins. Glaðheimar notast við [aðlögunaráætlun](#) sem kallast þátttökuaðlögun. Þátttökuaðlögun byggir á því að ekki sé verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur sé barnið að læra að vera í nýjum aðstæðum. Aðlögunin byggir einnig á fullri þátttöku foreldranna í leikskólastarfinu þá daga sem aðlögunin á sér stað. Með þátttökuaðlögun eru bundnar vonir við að allir foreldrar kynnist daglegu starfi og skipulagi leikskólans og öðlist um leið traust og öryggi gagnvart skólanum.

Dagleg samskipti

Helstu samskipti heimilis og skóla fara fram þegar foreldrar koma með barnið sitt og sækja það í leikskólann. Foreldrar þurfa að fylgjast með því sem helst hefur drifið á daga barns í leikskóla og leikskólakennari þarf að vita um helstu atburði í lífi barnsins utan leikskólans, t.d. ferðalög, leikhúsferðir og afmæli, sem gaman er fyrir barnið að segja frá.

Við upplýsingagjöf á milli heimilis og skóla nýtir leikskólinn samskiptaforritið Karellen. Forritið leikur einnig stórt hlutverk í samskiptum heimilis og skóla þar sem upplýsingar um dag barnsins, viðburði og skilaboð eru þar aðgengileg. Reglubundin tölvupóstar eru sendir frá skólastjórnendum og starfsmönnum deilda með fréttum og fróðleik. Upplýsingaskjár er í anddyri skólans er nýttur til



upplýsingagjafir. Leikskólinn telur það mikilvægt að foreldrar láti leikskólakennara vita ef breytingar verði á högum barns og fjölskyldulífi. Leikskólinn er þannig byggður að langt er inn á deild, því er gott ef foreldrar fylgja börnum sínum inn þegar þau koma í leikskólann og sækja þau inn á deild í lok dags.

Barn telst ekki á á ábyrgð leikskólans ef það er skilið eftir í fataherbergi eða á lóð skólans án þess að starfsmenn verði þess varir.

Börnunum þykir vænt um að þið gefið ykkur tíma til þess að sjá hvað þau eru að gera hverju sinni.

Reglubundin viðtöl foreldra og leikskólakennara

Foreldrum er velkomið að biðja um viðtal við starfsmenn leikskólans hvenær sem er. Í kringum afmælisdag barnsins fer fram viðtal á milli foreldra og leikskólakennara þar sem gefast tækifæri til markvissra samræðna um líðan, nám og þroska barns heima og í leikskólanum. Þannig geta foreldrar fylgst með skólagöngu barns síns, veitt því stuðning og hvatningu. Í samskiptum við erlenda foreldra nýtir leikskólinn túlkapjónustu ef þörf er á.

Þátttaka fjölskyldna

Þátttaka fjölskyldna er hugsuð til þess að stuðla að virkri þátttöku foreldra í starfi leikskólans til dæmis með því að bjóða foreldrum að taka þátt í uppákomum leikskólans, s.s. jólaföndri, myndlistarsýningu og vorhátíð. Rækta skal samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna með því að senda reglubundið



tölvupósta og að skilaboð á skilaboðaskjá séu greinagóð og skilmerkileg. Leikskólinn er opinn foreldrum hvenær sem er og geta þeir þá komið og tekið þátt í starfi leikskólans. Foreldrar eru hvattir til að sækja sér fræðslu um innra starf og daglegar upplýsingar inni á [heimasíðu leikskólans](#).

Foreldrafélag Glaðheima

Við leikskólann er starfrækt foreldrafélag þar sem eiga sæti 3-5 fulltrúar foreldra. [Foreldrafélagið](#) sér meðal annars um árlega vorhátíð, lambaferð og verið þátttakandi í jólastund leikskólans. Heimili og skóli hafa gefið út [handbækur](#) fyrir fulltrúa foreldra á öllum skólastigum. Í þeim er lýst starfi foreldrafélaga og foreldraráða.

Reglur félagsins má sjá í viðhengi 1.

Foreldraráð

Í [foreldraráði](#) eru þrír nefndarmenn og einn til vara. Formaður foreldraráðs er jafnframt fulltrúi foreldra í fræðslumála- og æskulýðsráði. Foreldraráð starfar með hagsmuni barnanna og foreldra þeirra að leiðarljósi og fylgist með því að hlúð sé að velferð og réttindum barnanna í leikskólastarfinu. Ráðið fjallar um og veitir umsögn til leikskólans og fræðslumála- og æskulýðsráðs Bolungarvíkur um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Bera skal allar meiri háttar ákvarðanir um skólastarfið undir foreldraráð sem veitir umsögn um þær. Foreldraráð fjallar um ábendingar frá foreldrum og öðrum

forsjáraðilum um starfsemi leikskólans og aðbúnað barnanna og getur komið þeim á framfæri við leikskólastjóra og bæjaryfirvöld.

Reglur foreldraráðsins má sjá í viðhengi 2.

Námskrá 5 ára barna

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.:

„Ef flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla á að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel fyrir og eftir lok leikskólanáms. Leikskólabörn eiga að fá tækifæri til að kynna umhverfi og starfi grunnskólans meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst.“

Því teljum við það mikilvægt að það sé gott samstarf á milli leik- og grunnskóla til að stuðla að samfelli í námi og uppeldi barnsins og að það upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald leikskólans.

„Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga, þar sem barnið, velferð þess, þroski og menntun eru í brennidepli. Kennarar á báðum skólastigum eiga að kynna sér nám og starfsaðferðir hvers annars, leita leiða til að móta samstarf og skapa samfelli í námi barna í því augnamiðið að auka sjálfstraust barna og styðja við nám þeirra.“

Markmið

- „Stuðla að vellíðan barna við flutning milli skólastiga
- Byggja kennslu á fyrri reynslu barnanna
- Samfella skapist í námi barna“¹³

Leið

Sett hefur verið upp [samstarfsáætlun](#) á milli leik- og grunnskóla Bolungarvíkur. Í upphafi skólaárs býður Grásteinn til vinastundar þar sem 1. bekk grunnskólans er boðið í heimsókn. Þrisvar sinnum yfir skólaárið, í nóvember, febrúar og maí, eru skipulögð samstarfsverkefni, í grunnskólanum, á milli 5 ára barna og 1. bekkjar sem stendur í 1-5 daga. Í þessum verkefnum kynna 5 ára börn húsnæði og búnaði grunnskólans.

Farið verður á bókasafn einu sinni í viku þar sem bókasafnsvörður tekur á móti börnunum.



5 ára börn kynna húsnæði íþróttamiðstöðvar Árbæ þar sem tvisvar sinnum á ári eru íþróttadagar sem skipulagðir eru í íþróttahúsinu. Sundlotur eru haldnar þrisvar sinnum á ári þar sem færni þeirra og öryggi í sundi eykst.



Í lok grunnskólans að vori er skilafundur með skólastjórum, deildarstjóra, sérkennslustjóra og umsjónarkennara næsta 1. bekkjar.

„Persónuupplýsingar, sem fyrir liggja um hvert einstakt barn í leikskóla og nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun þess í grunnskóla, skulu fylgja barninu, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Foreldrum skal gerð grein fyrir þessari upplýsingamiðlun. Meðferð upplýsinga skal vera á hendi leikskólastjóra eða annarra sérfræðinga á vegum sveitarfélagsins samkvæmt nánari ákvörðun þess.“

¹³ Brúum bilið 1997:7

Ráðherra setur reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla þar sem m.a. skal kveðið á um hvaða upplýsingar falla undir grein þessa, um meðferð, eyðingu og miðlun upplýsinga milli skólastiga og um stöðu og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum sem varða börn þeirra.¹⁴

Persónuupplýsingar sem farið er með á milli skólastiga leik- og grunnskóla Bolungarvíkur eru niðurstöður úr Hljóm-2 prófum, greiningar frá viðurkenndum greiningaraðilum, niðurstöður YAP hreyfiproskaprófs og síðasta viðtal deildarstjóra við foreldra og barnið sjálft, þar sem báðir aðilar hafa tækifæri á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Foreldrum skal kunngjört um skilafund, og gert kleift að sitja þá óski þeir þess. Foreldrum barna með greiningar sé sérstaklega boðið á skilafundi.

¹⁴ Lög um leikskóla 90/2008

Stjórnun og stjórnunarhættir

Fundir

Leikskólastjóri ber ábyrgð á að starfsmannafundir og stjórnunarteymisfundir séu haldnir. Leikskólastjóri skapar aðstæður fyrir deildarfundum sem deildarstjórar bera ábyrgð á.

Starfsmannafundir

Á starfsmannafundum eru tekin fyrir málefni sem varða alla starfsmenn leikskólans. Starfsmannafundir eru nauðsynlegir til að hægt sé að skiptast á skoðunum og ræða uppeldismál. Skipulagning sem varðar alla starfsmenn er rædd á þessum fundum.

Fundargerðarbók er geymd í hillu á skrifstofu skólastjóra og merkt starfsmannafundir. Bókin er opin öllu starfsfólki til lestrar. Þeir sem ekki komast á fund er skylt að lesa fundargerð.

Dagskrá hvers fundar er gerð aðgengileg á skilaboðasíðu starfsmanna og eða í tölvupósti.

Stjórnendateymisfundir

Á stjórnendateymisfundum mæta leikskólastjóri, aðstoðarleikskóla- og sérkennslustjóri, sviðsstjóri íþróttar og heilsuefningar ásamt deildarstjórum. Fundirnir eru skipulagðir með það að leiðarljósi að samræma skipulag milli deilda. Þeir eru einnig vettvangur skoðanaskipta. Leikskólastjóri fær einnig ráðleggingar og heyrir skoðanir stjórnenda á ýmsum málum. Fundirnir fara fram að meðaltali einu sinni í mánuði. Fundargerðir eru ritaðar fyrir hvern fund og eru þær aðgengilegar á sameiginlegu svæði stjórnendateymis.

Deildarfundir

Á deildarfundum eru ýmis málefni rædd, t.d. skipulag deilda, samvinna starfsmanna, verkefni barnanna og ýmislegt sem lítur að samræmingu starfs- og uppeldisaðferða. Allar deildir fá fundi að meðaltali einu sinni í mánuði.

Starfsdagar

Starfsdagar leikskólans eru fimm til sex á ári. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

Starfsdaga nýtir starfsfólk skólans til að skipuleggja og meta starf skólans, sækja námskeið og fá fræðslu.

Boðleiðir

Leikskólastjóri ber að sjá til þess að boðleiðir séu skýrar innan leikskólans. Leikskólastjóri kemur skilaboðum áleiðis með tölvupóstum og tilkynningum á skilaboðasíðu starfsmanna.

Deildarstjórar eru ábyrgir vegna upplýsinga á sinni deild.

Hver og einn starfmaður ber ábyrgð á að skilaboð berist til viðkomandi deildar eða séu skrifuð á skilaboðasíðu starfsmanna.

Verkaskipting og ábyrgðarsvið

Leikskólastjóri stjórnar daglegri starfsemi leikskólans, hann ber rekstrarlega og faglega ábyrgð á starfi leikskólans. Starfsmannahópur sem vinnur samhent starf til árangurs þarf að koma sér saman um verkaskiptingu innan leikskólans og skilgreina starfshlutverk hvers og eins. Með því að virkja aðra stjórnendur innan leikskólans til þátttöku og ábyrgðar í

rekstrarlegum umræðum og ákvörðunum er auðveldara að gæta hagræðis í rekstri án þess að það rýri gæði starfsins. Allir starfsmenn leikskólans skipta með sér ábyrgð á ýmsum þáttum í starfinu.

Starfslýsingar má sjá í viðhengi 3.

Snerpusamtöl

Snerpusamtöl eru skipulögð fjórum sinnum yfir veturinn og standa þau yfir í 15-20 mínútur. Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri taka öll snerpúsamtöl. Umræðuefni snerpúsamtala er styrkleikar og hæfileiki, starfsandi, starfsþróun og þjálfun, tækfæri til að vaxa og stöðugar framfarir.

Samtöl við nýja starfsmenn fara fram á fyrstu þrem mánuðum í starfi. Fyrstu kynni af nýjum vinnustað getur mótað viðhorf nýrra starfsmanna til lengri tíma og haft áhrif á starfsánægju og starfsframlag. Leikskólinn fer eftir [móttökuáætlun nýrra starfsmanna](#)

Mat á leikskólastarfi.

Mat á skólastarfi er yfirleitt skipt í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunar, unnið af starfsmönnum hennar. Markmið innra mats er að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerði og aðalnámskrá. Grundvallaratriði innra mats er að stuðla að umbótum sem bætir skólastarfið og efli skólaþróun.

Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum.

Sjálfsmat / Innra mat

Sjálfsmat leggur faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og er leið til að vinna kerfisbundið að því að auka gæði skólastarfsins og gera það skilvirkara. Í sjálfsmati skal taka mið af markmiðum og stefnu leikskólans og lýsingu á leiðum til að ná þeim. Sjálfsmat gerir starfsfólki auðveldara að vinna að markmiðum leikskólans.

Sjálfsmat er notað til að þróa og bæta starfið og til að meta hvort þau markmið sem leikskólinn hefur sett sér hafi náðst.

Sjálfsmat er unnið af starfsmönnum leikskólans. Einnig eru starfsmannafundir, deildarstjórafundir, deildarfundir og skipulagsdagar m.a. notaðir til að meta starfið.

- Leikskólinn á matsbók sem nefnist: ECERS kvarði, það er kvarði til að meta leikskólastarf í heild fyrir þriggja til sex ára börn.

Á heimasíðu leikskólans má finna [langtímaáætlun um innramat](#).

Ytra mat

Menntamálaráðuneytið lætur, samkvæmt lögum um leikskóla, fara fram skipulagt ytra mat a.m.k. í einum leikskóla á ári. Rekstraraðili leikskóla getur einnig látið framkvæma slíkt mat. Mati er ætlað að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla.

Mat á stöðu leikskólabarna

Þær aðferðir sem leikskólinn hefur til að meta þroska leikskólabarna eru:

- Bók barnsins, atferlisathuganir sem gerðar eru í afmælistíð barnsins frá tveggja til fimm ára eru kynntar í foreldraviðtölum.
- Íslenski þroskalistinn, athugunarlisti fyrir þriggja til sex ára börn þar sem forráðamaður útfyllir og tekur listinn mið af alhliða þroska barna.
- Smábarnalistinn, athugunarlisti sem ætlað er að meta mál- og hreyfiþroska 15-38 mánaða barna með því að afla upplýsinga frá mæðrum þeirra.
- Atferlis- og athugunarlisti AAL sem leikskólakennari svarar og metur atferli leikskólabarna.
- Hljóm-2 sem kannar hljóðkerfisvitund barna, lagt fyrir öll 5 ára börn.
- EFI-2 málþroskapróf lagt fyrir öll 3ja ára börn.
- YAP hreyfiþroskapróf
- Íslenski máhljóðamælirinn þar sem farið er yfir framburð barna
- TRAS málþroskaskráning
- Sænska fínhreyfimatíð
- Orðaskil, málþroskapróf sem fyllt er út af foreldrum

Mat á stöðu og þroska einstakra barna er ávallt gert í samráði við foreldra og þeim kynntar niðurstöðurnar.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og eiga öll börn rétt á leikskóladvöl. Í öllu starfi leikskólans er séð til þess að börn fái þann stuðning sem þau þurfa til þess að þroskast og geti átt í árangursríkum og gefandi samskiptum við önnur börn. Leikskólinn hefur gert [sérkennslustefnu](#) sem starfað er eftir.

Þróunarstarf í leikskólum

Markmið þróunarstarfs er að leita leiða sem miða að endurbótum og nýbreytni í leikskólastarfi. Þróunarverkefni felur í sér afmarkað og tímabundið viðfangsefni með vel skilgreindum markmiðum. Þegar hugað er að þróunarstarfi er nauðsynlegt að setja niður fyrir sér þann starfsgrundvöll sem aðhyllt er.¹⁵

Öryggismál

Fyrstu viðbrögð við slysum byggja á þekkingu, þjálfun og reynslu starfsmanna. Starfsmenn skulu sækja námskeið í slysa- og brunavörnum reglulega.

Leikskólinn er með [slysaáætlun](#), [rýmingaráætlun](#) vegna bruna og [áætlun um öryggi og heilsu](#). Starfsfólki er skylt að kynna sér Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum sem gefin var út af mennta- og menningamálaráðuneytinu í ágúst 2014

EKKO

Leikskólinn hefur gert og starfar eftir [Viðbragsáætlun vegna eineltis, kynferðislegs-, kynbundins áreitnis og ofbeldis](#).

¹⁵ Aðalnámskrá leiksóla 1999:45

Listi yfir viðhengi með námskrá

Viðhengi 1 Reglur foreldrafélagsins.

Viðhengi 2 Reglur foreldraráðs.

Viðhengi 3 Starfslýsingar.

Heimildaskrá:

- Aðalnámskrá leikskóla.* (2011). Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá leikskóla.* (1999). Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Armstrong, T. (2001). *Fjölgreindir í skólastofunni* (Erla Kristjánsdóttir þýddi). Reykjavík: JPV útgáfa.
- Damon, W. (1988). *The Moral Child. Nurturing children's natural moral growth.* New York: The Free Press.
- Guðjón Ólafsson (1996). *Einelti.* Reykjavík, Rit uppeldis og menntunar.
- Goleman, D. (2000). *Tilfinningagreind.* Reykjavík, Iðunn.
- Golem, D. (2000). *Tilfinningagreind. Hvers vegna er tilfinningagreind mikilvægari en greindarvísitala?* (Áslaug Ragnarsdóttir þýddi). Reykjavík, Iðunn.
- Heimili og skóli (2010). *Handbók foreldraráða í leikskóla.* Reykjavík: Heimili og skóli.
- Handbók fyrir kennara (2007). Sonja Kro (ritstjóri). Akureyri, Stell.
- Kristín Aðalsteinsdóttir (1996). Samskipti kennara og nemenda. *Glæður, tímarit félags íslenskra sérkennara*, 6 (1), 62-67
- Lög um leikskóla*, nr 90/2008.
- Rit um uppeldisstefnur.* 1994. Útg. Nemendur í fræðslustjórnun við framhaldsdeild Fósturskóla Íslands. Reykjavík, Prentstofa Reykjavíkur.
- Þjónustusamningur. 2000. Bolungarvík/Ísafjörður.
- Valdís Ingibjörg Jónsdóttir (2014). *Kennsluumhverfi – hlúum að rödd og hlustun.* Reykjavík: Kennarasamband Íslands Samband íslenskra sveitarfélaga, Vinnueftirlitið, Mannvirkjastofnun.
- Lesvefurinn – um læsi og lestrarerfiðleika (e.d). Sótt af www.lesvefurinn.hi.is

Viðhengi 1

Foreldrafélag Glaðheima

Á Glaðheimum er starfandi foreldrafélag og allir foreldrar/forráðamenn barna þar verða sjálfkrafa félagar um leið og barnið byrjar á leikskólanum. Foreldrafélagsgjald er innheimt með gíróseðli tvisvar á ári, að hausti og að vori. Þessi sjóður hefur síðan verið notaður til þess að kaupa eitthvað fyrir leikskólann og til að kosta ýmsar uppakomur svo sem leikhús, jólaball, lambaferð, kartöflugarðinn og fleira. Foreldrafélagið hefur staðið fyrir grillveislu á haustin. Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn á haustin. Þar eru rædd málefni foreldrafélagsins og stjórn þess endurnýjuð en í henni sitja 7 manns. Það er því mjög mikilvægt fyrir alla foreldra að mæta á aðalfundinn.

Starfsreglur fyrir foreldrafélagið

- 1.gr. Félagið heitir Foreldrafélag Glaðheima.
- 2.gr. Allir foreldrar/forráðamenn barna eru félagar í foreldrafélaginu. Félagsgjöld eru ákveðin á aðalfundi.
- 3.gr. Tilgangur félagsins er að stuðla að velferð barna og starfsfólks á Glaðheimum og styrkja samskipti foreldra/forráðamanna barnanna og starfsfólks sem þar starfar.
- 4.gr. Allir stjórnarfundir eru opnir félagsmönnum og þeim frjálst að koma með tillögur til stjórnar um fræðslufundi eða upplýsingar sem varða hina ýmsu þroskaþætti barna.
- 5.gr. Stjórn félagsins er kosin á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnina skipa fimm menn. Þar af einn frá fyrri stjórn og tveir til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum. Fulltrúi starfsfólks skal jafnan sitja stjórnarfundum.
- 6.gr. Aðalfundur félagsins skal halda að hausti ár hvert. Stjórnarfundum skal halda í hverjum mánuði. Þá skal stjórnin standa fyrir a.m.k. tveim fræðslufundum og a.m.k. tveim uppakomum á ári. Óski félagsmaður eftir fundum er stjórninni skylt að boða til fundar. Aðalfundur skal boða með viku fyrirvara.
- 7.gr. Starfsreglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi.

Viðhengi 2**Starfsreglur foreldraráðs leikskólans Glaðheima****1. gr.****Hlutverk.**

Foreldraráð starfar með hagsmuni barnanna og foreldra þeirra að leiðarljósi og fylgist með því að hlúð sé að velferð og réttindum barnanna í leikskólastarfinu. Ráðið fjallar um og veitir umsögn til leikskólans og fræðslumála- og æskulýðsráðs Bolungarvíkur um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Það fylgist enn fremur með því að skólanámskrá og aðrar áætlanir séu kynntar fyrir foreldrum og hvernig þær eru framkvæmdar. Bera skal allar meiri háttar ákvarðanir um skólastarfið undir foreldraráð sem veitir umsögn um þær.

Foreldraráðið fjallar um ábendingar frá foreldrum og öðrum forsjáraðilum um starfsemi leikskólans og aðbúnað barnanna og getur komið þeim á framfæri við leikskólastjóra eða bæjaryfirvöld.

2. gr.**Starfstímabil og kosning.**

Starfstímabil foreldraráðs er eitt ár, frá 1. október til 30. september og fer kosning í það fram síðari hluta septembermánaðar á hverju ári. Í ráðinu eru þrjú fulltrúar og einn til vara. Leitast skal við að í ráðinu séu foreldrar barna á mismunandi aldurstigum, þannig að a.m.k. einn fulltrúi haldi áfram næsta ár á eftir til að tryggja samfellu í starfi ráðsins.

Kosning í ráðið fer fram á aðalfundi foreldrafélagsins a.m.k. einni viku áður en kjörtímabilið rennur út. Hafi ekki verið boðað til fundar til að kjósa nýtt foreldraráð í septemberlok getur leikskólastjóri boðað til almenns foreldrafundar þar sem kosning í ráðið fer fram. Foreldraráð óskar eftir nýjum framboðum. Skal það gert með tölvupóstsendingu til allra foreldra og einnig með auglýsingu á skilaboðatöflum við allar deildar. Í skilaboðunum skal vera leiðbeining um hvert skuli tilkynna framboð. Allir foreldrar leikskólabarna eiga atkvæðisrétt.

3. gr.**Starfshættir foreldraráðs.**

Á fyrsta fundi foreldraráðs velja fulltrúarnir sér formann og skipta að öðru leyti með sér verkum. Formaður eða leikskólastjóri boða til funda í foreldraráðinu. Foreldraráð skal funda a.m.k. tvisvar yfir árið. Fyrsti fundur skal haldinn fyrstu vikuna í október. Þar skal kjósa formann og ritara, ákveða skal næsta fundartíma og fara yfir starfsreglur ráðsins. Skólanámskrá og ársáætlun leikskólans kynnt.

Halda skal fundargerðir um það sem fram fer á fundum foreldraráðsins. Fundargerðirnar eru birtar á vef leikskólans ásamt umsögnum og ályktunum ráðsins.

Foreldraráð getur staðið fyrir almennum fundum meðal foreldra barnanna og annarra forsjáraðila um málefni sem varða starfið á leikskólanum. Foreldraráðið starfar í náinni samvinnu við leikskólastjóra.

Fulltrúar í foreldraráði skulu gæta þagmælsku um atriði sem þeim er trúað fyrir út af setu þeirra í foreldraráði og varða fjölskylduaðstæður einstakra barna, hegðun þeirra og heilsufar eða önnur viðkvæm atriði sem eðlilegt er að fari leynt.

Bolungarvík 11.11.10

Samþykkt í Fræðslumála og æskulýðsráði

12. janúar 2011

Dags./ár

Viðhengi 3

STARFSLÝSING

STARFSHEITI: LEIKSKÓLASTJÓRI

NÆSTI YFIRMAÐUR: Leikskólafulltrúi eða framkvæmdastjóri málaflokksins.

STARFSSVIÐ:

Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags.

MEGINVERKEFNI:**Stjórnun og skipulagning:**

- Stjórnar daglegri starfsemi leikskólans, ber ábyrgð á gerð námskrár, ársáætlunar, ársskýrslu og mati á starfsemi leikskólans og skilar til rekstraraðila.
- Ber rekstrarlega ábyrgð á að rekstur leikskólans sé innan ramma fjárhagsáætlunar.
- Hefur eftirlit með húsnæði, leikvelli, áhöldum og leiktækjum og ber ábyrgð á að eðlilegt viðhald og endurnýjun fari fram.
- Ber ábyrgð á að í leikskólanum séu til staðar nauðsynleg uppeldis- og kennslugögn.
- Ber ábyrgð á að undirbúningstímar starfsmanna séu notaðir til skipulags á leikskólastarfinu.
- Sér um ráðningu starfsmanna, gerð ráðningarsamninga, vinnuskýrslna, skipulag vinnutíma starfsmanna og vinnutilhögun í samráði við rekstraraðila.
- Ber ábyrgð á móttöku, þjálfun og leiðsögn nýrra starfsmanna
- Sér um miðlun upplýsinga til deildarstjóra og rekstraraðila.
- Annast gerð starfsmannaáætlunar, skipuleggur og stjórnar starfsmannafundum og ber ábyrgð á að þeir séu haldnir.
- Tekur starfsviðtöl og gerir símenntunaráætlun leikskólans.
- Sér um innritun barna í leikskólann í samvinnu við rekstraraðila.

Uppeldi og menntun:

- Er faglegur leiðtogi og ber að kynna sér nýjungar í starfi og miðla þekkingu til starfsmanna.
- Ber ábyrgð á að unnið sé eftir aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá leikskólans, að áætlanir þar um séu gerðar og reglulegt mat fari fram.
- Deilir verkefnum og ábyrgð til starfsmanna í samræmi við skólanámskrá.

Foreldrasamstarf:

- Boðar foreldra/forráðamenn nýrra barna í viðtal þar sem veittar eru upplýsingar um starfsemina og fær nauðsynlegar upplýsingar um barnið.
- Ber ábyrgð á samstarfi við foreldra/forráðamenn barnanna og að þeir fái upplýsingar um starfsemi leikskólans.
- Skipuleggur og stjórnar foreldrafundum og ber ábyrgð á að þeir séu haldnir

ANNAD:

- Tekur þátt í samráðsfundum með rekstraraðilum og öðrum leikskólastjórum.
- Ber ábyrgð á samvinnu við ýmsar stofnanir og sérfræðinga sem tengjast leikskólanum.

- Sér til þess að leitað sé aðstoðar sérfræðinga og ber ábyrgð á því að gefinn sé skriflegur vitnisburður um stöðu og þroska barns sé þess óskað.
- Ber að stuðla að samstarfi við viðkomandi grunnskóla.
- Sinnir þeim verkefnum er varðar stjórnun leikskólans sem yfirmaður felur honum.

STARFSLÝSING

STARFSHEITI: AÐSTOÐARLEIKSKÓLASTJÓRI

NÆSTI YFIRMAÐUR: Leikskólastjóri.

STARFSSVIÐ: Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags.

MEGINVERKEFNI:

Stjórnun og skipulagning:

- Er aðstoðarmaður leikskólastjóra og ber ásamt honum ábyrgð á rekstri leikskólans.
- Er staðgengill í fjarveru leikskólastjóra og starfar þá samkvæmt starfslýsingu hans.
- Vinnur ásamt leikskólastjóra að daglegri stjórnun leikskólans og skipulagningu uppeldisstarfsins.

Uppeldi og menntun:

- Ber ásamt leikskólastjóra ábyrgð á að unnið sé eftir aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá leikskólans, að áætlanir þar um séu gerðar og reglulegt mat fari fram.

Foreldrasamstarf:

- Sér um samskipti og samvinnu við foreldra í samráði við leikskólastjóra.
- Situr foreldrafundi, sem haldnir eru á vegum leikskólans.

ANNAÐ:

- Situr starfsmannafundi, deildarstjórafundi og aðra fundi er leikskólastjóri segir til um og varðar starfsemi leikskólans.
- Sinnir að öðru leyti þeim verkefnum er varðar stjórnun leikskólans sem yfirmaður felur honum.

STARFSLÝSING

STARFSHEITI: DEILDARSTJÓRI Í LEIKSKÓLA

NÆSTI YFIRMAÐUR: Leikskólastjóri.

STARFSSVIÐ:

Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags.

MEGINVERKEFNI:

Stjórnun og skipulagning:

- Tekur þátt í gerð skólanámskrár, ársáætlunar, mati á starfsemi leikskólans og þróunarverkefnum undir stjórn leikskólastjóra.
- Ber ábyrgð á stjórnun, skipulagningu, framkvæmd og mati starfsins á deildinni
- Annast daglega verkstjórn á deildinni og ber ábyrgð á að miðla upplýsingum innan deildarinnar, milli deilda leikskólans og milli leikskólastjóra og deildarinnar.
- Ber ábyrgð á og stýrir deildarfundum og skipuleggur undirbúningstíma starfsfólks deildarinnar.
- Hefur umsjón með móttöku, þjálfun og leiðsögn nýrra starfsmanna deildarinnar.
- Fylgist með að deildin sé búin nauðsynlegum uppeldis- og kennslugögnum í samvinnu við leikskólastjóra.

Uppeldi og menntun:

- Ber ábyrgð á að unnið sé eftir skólanámskrá og ársáætlun leikskólans á deildinni.
- Tryggir að sérhvert barn á deildinni fái kennslu, leiðsögn, umönnun og/eða sérkennslu eftir þörfum.
- Ber ábyrgð á að meðferðaráætlunum sérfræðinga vegna einstakra barna sé framfylgt.

Foreldrasamvinna:

- Skipuleggur samvinnu við foreldra/forráðamenn barnanna á deildinni s.s. aðlögun, dagleg samskipti og foreldraviðtöl.
- Ber ábyrgð á að foreldrar/forráðamenn fái upplýsingar um þroska og líðan barnsins og þá starfsemi er fram fer á deildinni og ekki varðar trúnað gagnvart öðrum börnum og foreldrum/forráðamönnum þeirra.
- Situr foreldrafundi, sem haldnir eru á vegum leikskólans.
- Ber ábyrgð á að leitað sé samþykkis foreldra/forráðamanna barns, áður en leitað er aðstoðar annarra sérfræðinga.

ANNAÐ:

- Skipuleggur samvinnu við ýmsar stofnanir og sérfræðinga sem tengjast leikskólanum í samráði við leikskólastjóra.
- Situr starfsmannafundi, deildarstjórafundum og aðra fundum er yfirmaður segir til um og varðar starfsemi leikskólans.

- Sinnir þeim verkefnum er varðar uppeldi og menntun barnanna og stjórnun deildarinnar sem yfirmaður felur honum.

STARFSLÝSING

STARFSHEITI: LEIKSKÓLAKENNARI

NÆSTI YFIRMAÐUR: Deildarstjóri

STARFSSVIÐ: Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags.

MEGINVERKEFNI:

Uppeldi og menntun:

Vinnur að uppeldi og menntun barnanna. Fylgist vel með velferð þeirra og hlúir að þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins svo að þau fái notið sín sem einstaklingar.

Stjórnun og skipulagning:

- Tekur þátt í gerð skólanámskrár, mati á starfsemi leikskólans og þróunarverkefnum undir stjórn leikskólastjóra.
- Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs deildarinnar undir stjórn deildarstjóra.

Foreldrasamvinna:

- Vinnur í nánú samstarfi við foreldra/forráðamenn barnanna.
- Situr foreldrafundi, sem haldnir eru á vegum leikskólans.

ANNAD:

Tekur þátt í samstarfi við ýmsar stofnanir og sérfræðinga sem tengjast leikskólanum í samráði við deildarstjóra.

- Situr starfsmannafundi og aðra fundi er yfirmaður segir til um og varðar starfsemi leikskólans.
- Sinnir þeim verkefnum er varðar uppeldi og menntun barnanna sem yfirmaður felur honum.